

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhlsgötu 7
150 Reykjavík

28. maí 2021

Málsnr. 2105022

Efni: Umsögn um Hvítbók um byggðamál, mál nr. 115/2021

Vísað er til máls nr. 115/2021 í samráðsgátt stjórnvalda þar sem óskað er eftir umsögnum um hvítbók um byggðamál – drög að stefnumótandi byggðaáætlun til 15 ára og aðgerðaáætlun til fimm ára.

Dalabyggð vill lýsa yfir ánægju með framkomin drög og þau markmið og þær aðgerðir sem eru þar að finna. Sveitarfélagið gerir þó fyrirvara um vontun á nánari upplýsingum um fjármögnun og kostnað einstakra aðgerða.

Þá vill Dalabyggð koma því á framfæri að þó markmið og aðgerðir séu metnaðarfullar og vel unnar með tilliti til samráðs og aðkomu fagaðila hvers málaflokks vanti frekar upp á stuðning í núverandi umhverfi. Um leið og fjar-, rafrænar- og stafrænarlausnir eru mikilvægar má ekki gleyma þeirri stöðu sem ýmsir málaflokkar búa við í dag. Sem dæmi er fjarheilbrigðisþjónusta mikilvæg en staða heilbrigðisþjónustu s.s. þjónusta sérfræðinga í heimabyggð bág í mörgum sveitarfélögum og þarf að hlúa vel að því kerfi sem við búum við nú þegar á meðan verið er að þróa nýjar/aðrar lausnir.


Í aðgerð A.9 er fjallað um stuðning við verslanir í dreifbýli. Dalabyggð er stórt en dreifbýlt sveitarfélag og býr í dag við þau gæði að hafa verslun í heimabyggð. Sú verslun er stödd í þéttbýliskjarna sveitarfélagsins, Búðardal og er rekin af verslunarkeðju sem stendur ágætlega þó verslunin í Búðardal geti verið brothætt ef horft er eingöngu til notkunar íbúa sem telja í dag um 620 manns og hefur fækkað á undanfönum árum. Gæta þarf að skilgreiningu varðandi þau byggðarlög sem geta átt undir aðgerðina.

Í aðgerð C.2 er fjallað um Brothættar byggðir. Dalabyggð er eitt af þeim sveitarfélögum sem býr við fólksfækkun. Íbúum fækkaði um 41 (-6,0%) á 5 árum, frá byrjun 2015 til ársloka 2019 og bara frá 2020 til 2021 fækkaði um 19 (-3,0%). Íbúar þurfa að sækja sér ýmsa þjónustu til annarra þéttbýliskjarna, má þar nefna sjúkraþjálfun, sálfræðiþjónustu og aðstoð sérfræðilækna svo dæmi séu tekin. Í Borgarnes úr Búðardal eru um 80 km og til Reykjavíkur eru um 145 km, vegalengdin er því enn lengri fyrir íbúa Dalabyggðar sem eru búsettir vestar í sveitarféluginu. Dalabyggð vill vekja athygli á því að vert sé að skoða fyrirbyggjandi aðgerðir á viðkvæmum svæðum áður en til þess kemur að byggðarlög verði brothætt.

Í aðgerð C.5 er fjallað um húsnæðismál með það að markmiði að fjlölgja íbúðum á svæðum þar sem skortur á hentugu íbúðarhúsnæði hamlar uppbyggingu atvinnulífs. Í aðgerðinni er miklivægt að horft sé til viðráðanlegs leigu- og kaupverðs að lokinni uppbyggingu og að það sé í takt við landsvæðin sem framkvæmt er í en raski ekki markaðslögmálum byggðarlaga.

Dalabyggð vill benda á að í eins viðamiklu og stefnumarkandi skjali sem þessu er leitt að sjá fáar aðgerðir til handa hefðbundnum atvinnugreinum s.s. landbúnaði, ferðaþjónustu, iðnaðar- og verkafólks. Þegar sveitarfélög líkt og Dalabyggð byggja á þessum hefðbundnu atvinnugreinum er eðlilegt að vekja máls á því að stuðningur og aðhald við þær megi ekki gleymast þegar talað er um stefnumótandi áætlun til næstu ára sem varðar byggðamál.

Heilt yfir eru fyrirliggjandi drög góð og Dalabyggð tekur undir þau markmið og þær aðgerðir sem þar er að finna með þeim athugasemdum sem fram koma í umsögn þessari.


Kristján Sturluson
Sveitarstjóri Dalabyggðar

